

6. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Um það leyti sem Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin, Píratar og Viðreisn efndu til meirihlutasamstarfs í borgarstjórn Reykjavíkur, birtust fregnir um það í fjölmiðlum að nýr meirihluti myndi sameina íþrótt- og tómstundasvið og menningar- og ferðamálasvið borgarinnar í eitt svið. Jafnframt yrðu ferðamál færð til forsætisnefndar borgarstjórnar. Um er að ræða viðamiklar breytingar á rekstri umræddra málaflokka og fyrir starfsmenn viðkomandi sviða. Eftir því sem næst verður komist voru starfsmenn þessara fagsviða ekki upplýstir um fyrirhugaðar breytingar fyrr en þeir heyrðu af þeim í fjölmiðlum og síðan hefur upplýsingagjöf til þeirra verið af mjög skörum skammti.

Óskað er eftir ýtarlegum upplýsingum um hvort hafin sé vinna að sameiningu umræddra sviða og ef svo er, hvernig staðið sé að henni. Hefur samráð verið haft við starfsmenn sviðanna frá því nýr meirihluti tilkynnti um ákvörðunina fyrir um þremur vikum? Hefur yfirmönnum sviðanna verið falið að vinna að sameiningunni eða verður leitað til utanaðkomandi ráðgjafa og þá hverra? Hvernig verður staðið að upplýsingagjöf til starfsmanna og verður unnið að umræddum breytingum í góðu samráði við þá?